



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 11. maí 2020
2001026SA KB/VRB
Málalykill: 04.07

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um störf og starfshætti undanþágunefndar kennara

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 24. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um reglugerð um störf og starfshætti undanþágunefndar kennara.

Reglugerðin er sett á grundvelli laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Reglugerðin fjallar um störf og starfshætti undanþágunefndar en eftir gildistöku laga nr. 95/2019 er nú ein undanþágunefnd fyrir bæði grunn- og framhaldsskóla, í stað tveggja áður. Hlutverk undanþágunefndar er að meta umsóknir skólastjórnenda um heimild til að lausráða til kennslu starfsmann sem ekki er með leyfisbréf kennara, sbr. 9. gr. laga nr. 95/2019. Undanþágunefnd gerir tillögu um afgreiðslu umsóknar til Menntamálastofnunar sem tekur endanlega ákvörðun um hvort að undanþága skuli veitt.

Athugasemdir við einstakar greinar

Um 4. gr. reglugerðarinnar

Í 4. gr. reglugerðarinnar er fjallað um mat á umsóknum en þar segir í 1. mgr. að nefndinni beri að leggja mat á umsókn um lausráðningu starfsmanns á faglegum grunni og byggja mat sitt á málefnalegum sjónarmiðum sem eru til þess fallin að markmið laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, laga um grunnskóla og laga um framhaldsskóla nái fram að ganga. Þá segir í 2. mgr. að nefndin skuli byggja mat sitt á upplýsingum um menntun, kennsluferil og starfsreynslu umsækjanda og öðrum atriðum er fram koma í umsögn er snerta hæfi hans til starfans.

Að mati sambandsins mætti skilgreina betur hvað það er sem nefndin á að skoða. Ef formskilyrði a. (rétt staðið að auglýsingu) og b. (enginn kennari sækir um) liðar eru uppfyllt, og c. liður á ekki við, hvaða mat er það sem á að fara fram hjá nefndinni? Er hugsunin sú að nefndin endurskoði mat skólastjórnanda á umsóknum? Miðað við 2. mgr. greinarinnar virðist gert ráð fyrir því en þá er spurning hversu ítarleg sú skoðun á að vera. Fer nefndin

t.d. bara yfir gögn þess umsækjanda sem sótt er um undanþágu fyrir eða kemur hún til með að leggja einnig mat á aðra umsækjendur og þá eftir atvikum leggja til að beiðni um undanþágu verði hafnað þar sem hún telur annan umsækjanda hæfari? Hér er að mati sambandsins tækifæri til að skýra og skerpa á hlutverki nefndarinnar.

Um 6. gr. reglugerðarinnar

Í 6. gr. reglugerðarinnar er gert ráð fyrir að áður en undanþágunefnd gerir tillögu um afgreiðslu undanþágu, í þeim tilvikum þegar hvorki skólastjórnandi né að minnsta kosti tveir skólanefndarmenn geta mælt með ráðningu kennara, sbr. c-liður 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, skuli nefndin gefa kennara, sem sótt hefur um viðkomandi kennslustöðu, kost á að tjá sig um framkomin gögn í máli hans. Er þetta sambærilegt ákvæði og finna má í eldri reglugerðum.

Að mati sambandsins væri eðlilegra að kveða frekar á um að undanþágunefndin geti kallað eftir gögnum frá viðkomandi kennara ef hún telur þörf á að afla frekari gagna út frá sjónarmiðum andmælaréttar. Umsækjandi á að hafa fengið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í ráðningarferlinu enda er þessi staða gott dæmi um tilvik þar sem andmælaréttur umsækjanda virkjast í ráðningarferlinu. Óháð því hvort sú breyting verður gerð eða ekki leggur sambandið til að settir verði tímafrestir inn í ákvæðið enda mikilvægt að þessi mál gangi hratt fyrir sig svo að búið sé að manna umræddar stöður áður en kennsla hefst.

Um 7. gr. reglugerðarinnar

Í 7. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að Menntamálastofnun beri að upplýsa umsækjanda (skólastjórnanda) ef fyrirsjáanlegt er að það verði dráttur á afgreiðslu máls. Í anda góðrar stjórnsýslu leggur sambandið til að umsækjandi verði einnig gerð grein fyrir ástæðu þess að dráttur verði á afgreiðslu.

Lokaorð

Að mati sambandsins er mikilvægt að við næstu endurskoðun laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla verði stjórnsýslan varðandi undanþágur tekin til endurskoðunar. Skoðað verði með gagnrýnum augum hvort raunverulega sé þörf á að kveða sérstaklega á um leyfi fyrir undanþágum eða hvort að skynsamlegt sé að þrengja starfssvið nefndarinnar þannig að hún fjalli t.d. eingöngu um þau mál sem c. liður 1. mgr. 4. gr. tekur nú til. Lögin eru skýr hvað varðar einkarétt kennara til kennslu, skyldu til að auglýsa störf og að eingöngu er heimilt að ráða einstaklinga, sem eru ekki með réttindi til kennslu, tímabundið ef enginn

kennari sækir um starf. Við blasir að tækifæri eru til einföldunar stjórnsýslu sem dregur úr skriffinnsku og leiðir til þess að skólastjórnendum gefst aukinn tími til þess að sinna faglegum störfum. Þá ábendingu hefur sambandið fengið mjög skýra frá fræðslustjórum og skólastjórnendum eftir Covid-19 tímabilið að nauðsynlegt sé að draga eins og hægt er úr óþarfa stjórnsýslubyrði svo aukið svigrúm gefist til að sinna faglegu starfi.

Skólastjórnendur, eins og aðrir forstöðumenn, bera fjölpætta ábyrgð á starfi sinnar stofnunar og eru ráðningar starfsfólks bara einn hluti þeirrar ábyrgðar. Ekki er ljós þörfin til þess að hafa sérstaka nefnd sem leggur mat á ákvarðanir skólastjórnenda varðandi ráðningar starfsfólks til kennslu. Þeir, líkt og aðrir sem með ráðningarvald fara, munu ávallt velja þann sem hæfastur er til starfans. Hugsanlega mætti í staðinn setja skilyrði um að skólastjórnendur tilkynntu um fjölda starfsfólks sem starfar við kennslu án kennsluréttinda þannig að hægt væri að fylgjast miðlægt með þróun þessara mála. Sveitarfélög hafa eftirlitskyldu gagnvart skólastjórum og ættu að geta haft eftirlit með því að skólastjórar fari að lögum og reglum um ráðningar líkt og öðrum lögum og reglum sem um starfsemi skóla gilda.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri